



Landsþing LH 2012 – Æskulýðsnefnd

Þátttakendur:

Bryndís Hólmarsdóttir	Hornfirðingi
Viktor Pálsson	Stormi
Svala Einarsdóttir	Stormi
Árni Davíð Haraldsdóttir	Snæfaxi
Auður G. Sigurðardóttir	Herði
Steinunn Guðbjörnsdóttir	Sóta
Thelma Víglundsóttir	Sörla
Selma Svavarsdóttir	Neista
Benedikt G. Benediktsson	Ljúf
Sigrún Valþórsdóttir	Gusti
Sigríður Th. Kristinsdóttir	Geysi
Ingvar Hjálmarsson	Smára
Anna Linda Gunnarsdóttir	Háfeta
Gréta Halldórsdóttir	Háfeta
Ragnheiður Sigurðarsdóttir	Herði
Karen Hrönn Vatnsdal	Þjálfá
Anna Berg Samúelsdóttir	Faxa
Ásta Friðrika Björnsdóttir	Fáki
Helga B. Helgadóttir	Fáki
Ágúst Hafsteinsson	Sleipnir
Andrea Þorvaldsdóttir	Létti
Þorvarður Helgason	Fákur

Fundarstjóri: Ágúst Hafsteinson.

Ritari: Steinunn Guðbjörnsdóttir

Þingskjal 16.

Ágúst sagði frá af hverju þessi tillaga var lögð fram en hann er í keppnisnefnd LH.

Umræður

- Eru börn með of „stóra“ hesta?
- Eiga foreldrar erfitt með að velja hesta fyrir börnin?
- Mismunandi þroski barna (10 ára ekki það sama og 10 ára...)
- Spurning hvort leyfa eigi að börn keppi upp fyrir sig
- Ef bannað, þá ítreka að boðið sé uppá pollaflokk á öllum mótum
- ÍSI er með reglur um að yngri en 10 ára keppi ekki til verðlauna
- Auðveldara að bannað meðan LM eru á 2ja ára fresti
- Eiga að ná tveimur LM

Niðurstaða: Samþykkt.



Þingskjal 20.

Ágúst útkýrði hvernig unglingaflokkur er riðinn á LM sem og stökkaflinn í barnaflokki.

Umræður:

- Er vandinn dómavandamál? Skiptir hraðinn meira máli en útfærslan?
- Vandamálið/hættan er þegar þrír eru inná í einu
- Tillagan leysir engan vanda (greinargerðin)
- Ekki að taka stökkið alveg út heldur aðeins þegar fleiri en einn inná í einu, sumsé að aðeins sé riðið stökk í milliriðlum.
- Með hækkun á aldri (10 ára) er vandinn leystur með stökkið
- Búið að gera skoðunakönnun á að börnin vilja stökk
- Gera meiri kröfur til dómara og féлага um að það sé ekki hraðinn sem gildir heldur útfærslan (hraðaaukning – hæging osfrv)
- Stangamélaumræður

Niðurstaða. Vísað frá. Leysir engann vanda

Þingskjal 43.

Umræður hafa þegar orðið við þingskjal 20 . Ath að ekki er miðað við að taka stökk alveg út heldur hafa það aðeins í milliriðlum.

- Missum við út litlu félögin af því þar finnast ekki hestar sem geta bæði brokkað og tölt ?
- Er yfirferðartölt eitthvað betra en stökk? Getur verið jafn „hættulegt“.
- Fáum við viljugri hesta með því að taka út stökkið?
- Graðhestaumræða. Á að banna graðhesta í barnaflokki?
- Of mikill hraði í barnaflokki. Skilaboðin eru: Hraðinn skiptir máli
- Brýna fyrir öllum að stökkið sé riðið rétt og skv leiðara (foreldrar, þjálfarar, dómarar, hestamannafélögin) . Viðhorfsbreyting þarf að eiga sér stað.
- Málið leysist með hækkun aldurs
- Stökkið úr úrslitum en hvað á að koma í staðinn? Hægt tölt og brokk og síðan tölt og brokk í milliferð?
- Umræða í hestamannafélögum um of erfiða hesta fyrir börn. Æskulýðsnefnd, keppnisnefnd, foreldrar ofl. Erfiðir hestar stoppaðir heima í héraði. Saga frá hmf Smára – dómariinn stoppaði keppanda í úrtöku.
- Tilmælum að keppnisnefnd taki barnaflokk til algjörar endurskoðunar?

Tillaga um að setja inn breytingartillögu 43a – að stökkið yrði tekið út í úrslitum og sett inn tölt eða brokk á milliferð eða yfirferð?

Tillaga var lögð fram samþykkt á þingskjal 43 – tillagan var felld.



Tillaga var lögð fram að þingskjal 43 yrði vísað frá – samþykkt.

Áskorun

Æskulýðsnefnd á LH þingi 2012 telur að brýn nauðsyn sé að breyta umgjörðinni um barnaflokk til að auka öryggi knapa á keppnisvellingum. Nefndin vill hvetja dómara, stjórnendur móta og hestamannafélögin til að stýra keppni í barnaflokki þannig að tekið sé tillit til útfærslu sýningar frekar en að það sé hraðinn sem gildir. Við beinum því til stjórnar LH að hún feli keppnisnefnd að taka keppni í barnaflokki til algjörrar endurskoðunar. Til dæmis að stökk verði tekið úr úrslitum og í sérstakri forkeppni.

Önnur mál:

Andrea sagði frá „klár í keppni“ og spurði fundinn hvort fundarmönnum þætti rétt að hestar í barna- og unglingsflokkum væru ekki skoðaðir af dýralækni. Flestir fundarmenn sammála um að skoða eigi alla hesta, sama í hvaða flokki þeir væru að keppa.

Ásta sagði frá að í Fákí hefði verið haldinn fundur með börnunum um hvað þau vildu gera í vetur. Allir vildu meiri hraða, kappreiðar, hindrunarstökk oþh.

Andrea sagði frá póló keppni á Youth Camp þar sem íslenski hesturinn á mikla möguleika. Íslenski hesturinn gæti orðið heimsmeistara í póló.

Auður frá Herði sagði frá námskeiðum fyrir fatlaða hjá Herði og hvatti fleiri félög til að bjóða uppá svona námskeið og bauð fram aðstoð ef einhver stefnir á þetta.